

## Foreldrafélag barna með sérþarfir

Afhending 2020/60

Foreldrafélag barna með sérþarfir var stofnað á Akureyri árið 1979. Aðal hvatamenn að stofnun þess voru hjónin Jón E. Aspar (1925-2010) og kona hans Margrét Oddsdóttir (1928-2009). Jón var fyrsti formaður félagsins.

Markmið félagsins var að vinna að uppbyggingu á þjónustu sem yrði til þess að fötluð börn gætu búið heima hjá foreldrum sínum eins lengi og önnur börn en yrðu ekki send á stofnun eins og hafði tíðkast fram að þeim tíma. Félagið tók ásamt fleirum þátt í stofnun Landssamtakanna Proskahjálp.

Félagið beitti sér m.a. fyrir því að koma á fót ýmsum stuðningi við heimilin s.s. dagvistun og sumardvöl og úrbótum í trygginga- og skólamálum, auk þess að ná fram úrbótum í líkamsþjálfun fyrir fatlaða en ekkert að þessu stóð fötluðum til boða á þessum tíma. Félagið byggði á grunni eldri félaga en þar höfðu áherslur verið aðrar.

Félagið deildi félagsaðstöðu með Styrktarfélagi vangefinna í Kaupangi við Mýrarveg á Akureyri en sú aðstaða var formlega opnuð árið 1996. Áður höfðu félögin þó átt saman húsnæði við Stórholt 1 sem þeim var gefið árið 1984 en það var leigt út.

Árið 1996 sameinuðust Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi og Foreldrafélag barna með sérþarfir í félagið Proskahjálp á Norðurlandi eystra.

Afhendingin barst frá Svanfríði Larsen. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
22. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir  
skjalavörður

## Geymsluskrá

2020 / 60

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

## A-Fundargerðir

## A-Fundargerðir

1976 - 1996

A	1	1	1976 - 1984	Fundargerðabók.
A	1	2	1984 - 1994	Fundargerðabók.
A	1	3	1994 - 1996	Fundargerðabók.
A	1	4	1986 - 1996	Jólaort og afmæliskort til félagsins; drög að síðustu fundargerðum félagsins.

## B-Almennt

## B-Almennt

1974 - 1996

B	1	1	1976 - 1987	Bréf, innkomin og send.
B	1	2	1987 - 1996	Bréf, innkomin og send.
B	1	3	1976 - 1992	Reglur og lög Foreldrasamtaka barna með sérþarfir (Akureyrardeild); félaga- og fjölskylduskrár; kynningarefni; funda- og ráðstefnugögn o.fl.
B	1	4	1974 - 1986	Gögn frá aðalfundum (óheilt); gögn frá Foreldrasamtökum barna með sérþarfir í Reykjavík; fréttabréf félagsins (1976), ársreikningar 1974 og 1975; skýrsla formanns 1976; dreifibréf til foreldra 1974 o.fl.
B	1	5	1985 - 1996	Lög félagsins; skýrslur stjórnar 1989-1996; skýrslur til Þroskahjálpar 1991-1995 (óheilt); ársreikningar; ársreikningar 1985-1996 (óheilt) ásamt reikningum Botns, Guðrúnarstaða og Minningarsjóðs Rósu Jóhannesdóttur og Halldórs Jakobssonar 1987-1996; félaga- og fjölskylduskrár; nefndarstarf, starfsáætlanir, punktar frá fundum og fleiri vinnugögn.
B	1	6	1983 - 1996	Ýmsir fundir og námskeið um málefni fatlaðra.